



# Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 9. árgangur, 1. febrúar 2016

Abyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Skólapúlsinn - könnun

Núna á næstu dögum mun stórum hluta foreldra við skólann berast póstur þar sem beðið verður um þátttöku í könnun á vegum Skólapúlsins. Þessi könnun er árlegur viðburður, ekki taka allir þátt á hverju ári heldur einungis þeir sem dregnir eru út í úrtaki. Því er mikilvægt að þeir sem lenda í úrtakinu bregðist vel við og taki örugglega þátt en með því fáum við afar mikilvæga aðstoð við að leggja mat á starfið í skólanum og ákveða áherslur í þróun og umbótum fyrir næstu mánuði.

## Námsmöppurnar

Nú í byrjun febrúar sendum við heim matsmöppurnar í þriðja skiptið í vetur. Við biðjum foreldra um að fara vel í gegnum þær með nemendum og nota einnig tækifærið til að kíkja á stöðuna á námsmarkmiðunum á mentor.is. Og svo þarf auðvitað að muna eftir að skila möppunum aftur til baka í skólann :)

## Leyfi fyrir nemendur

Við ítrefum við foreldra að hringja eða senda tölvupóst í tæka tíð til að fá leyfi fyrir nemendur. Ekki er hægt að treysta á að hægt sé að senda tölvupóst kvöldið áður en leyfi á að taka gildi. Þá minnum við á að forfalla-skráningarmöguleikinn í mentor er einungis fyrir veikindatilkynningar en ekki fyrir leyfisveitingar. ..



## Kæra skólasamfélag

Eins og sjá má á dagatalinu á baksíðu fréttabréfsins er nóg um að vera hjá okkur í skólanum í febrúar. Við stefnum að útivistardegi í Hlíðarfjalli, það verður hundraðdagahátíð í 1. bekk, hæfileikakeppni nemendaráðs, 7. bekkur fer í skólabúðir í lok mánaðar, vetrarfríið er á sínum stað o.s.frv. Fyrsta vika febrúar er svo að venju opin vika en þá hvetjum við foreldra sérstaklega til að kíkja við hjá okkur og kynna sér starfið og stemminguna af eigin raun. Ekki er um sérstaka dagskrá að ræða heldur einmitt hugmyndin að hægt sé að fylgjast með venjubundnu skólastarfi. Við erum stolt af skólanum okkar og því sem hann stendur fyrir. Starfið í Naustaskóla er að mörgu leyti framsækið og spennandi og ætlum við að gera því örlítill skil í sérstökum pistlum í næstu fréttabréfum og byrjum á unglíngastiginu á blaðsíðu þrjú í þessu riti. Með bestu kveðjum úr skólanum og von um ánægjulegan vetrarmánuð í febrúar!

Ágúst Jakobsson, skólástjóri

## Útivistardagur í Hlíðarfjalli

**Þriðjudaginn 2. febrúar 2016** er áætlað að nemendur Naustaskóla fari í Hlíðarfjall til að njóta samveru og útiveru ef veður leyfir.

**(Ef ekki viðrar verður gerð önnur tilraun þann 3. febrúar)**

Þeim nemendum sem ekki geta farið í fjallið af heilsufars- eða öðrum mjög brýnum ástæðum verður boðið upp á afþreyingu í skólanum.

Nemendur í 1.-7. bekk mæta eins og venjulega kl. 8:10 en nemendur á unglíngastigi mæta kl. 8:50



**Farið verður frá skólanum sem hér segir:**

1.-3. bekkur kl. 8:30, 4.-7. bekkur kl. 8:15 og 8.-10. bekkur kl. 9:00.

**Lagt verður af stað úr Hlíðarfjalli sem hér segir:**

1.-3. bekkur kl. 11:20, 4.-7. bekkur kl. 12:00 en 8.-10. bekkur kl. 12:40

**Þegar komið er í skóla aftur verður matur samkvæmt venju, eftir það fara yngstu nemendurnir í eina kennslustund og skóladegi lýkur hjá 1.-7. bekk kl. 13:00 en kl. ca. 13:30 hjá 8.-10. bekk.**

Nemendur í 4.-10. bekk geta fengið lánaðan búnað endurgjaldslaust en nemendur í 1.-3. bekk geta því miður ekki fengið lánaðan búnað en er velkomið að hafa með sinn eigin búnað eða snjóþotur og sleða.

## Útbúnaður:

- Skíði, bretti, snjóþotur, þoturassar, svartir plastpokar og sleðar eru leyfðir til fararinnar.
- Hjálmar eru nauðsynlegir! (Bent er á að hægt er að nota reiðhjólahljalma)
- Mikilvægt er að nemendur séu vel klæddir og í vel merktum fatnaði.
- Ekki gleyma snjóboxunum, vettlingunum eða húfunni.
- Nesti: nemendur komi sjálfir með hollt og gott nesti. Sjoppa er ekki opin.

Nemendur fá afhent lyftukort þegar þeir mæta á svæðið. Ef nemendur óska eftir að verða eftir í fjallinu þegar dagskrá lýkur þurfa foreldrar að hafa óskað eftir því við umsjónarkennara eða ritara skólans. Lyftukortin gilda allan daginn en skila þarf lánsbúnaði eða semja um leigu á honum. Ekki er hægt að bjóða upp á skíðakennslu en við munum aðstoða nemendur eins og kostur er.

**Útivistardagurinn er með öllu gjaldfrjálts fyrir nemendur.**

**Kæru foreldrar! Vinsamlegast virðið að upphitaða stéttin við aðalinngang skólans er ekki bílastæði, nema sá hluti hennar sem merktur er sem stæði fyrir fatlaða. Því miður er töluvert algengt að nemendum sé ekið alveg upp að dyrum við aðalinnganginn og bílum svo bakkað til baka með tilheyrandi hættu, eða að bílum sé jafnvel lagt þarna upp á stéttina um lengri eða skemmri tíma.**

## Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor ([www.mentor.is](http://www.mentor.is)) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um nám nemenda, bekkjarlista, ástundun, verkefnabækur, dagbækur o.fl.

Inni á svæði foreldra er líka hægt að tilkynna veikindi (allt að tveimur dögum í einum) þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fáið þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur móttengið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags.

Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: [www.mentor.is](http://www.mentor.is) Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smellt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti. Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð.

Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjaldi og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskráningu.

Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldraspjaldi sést fyrir neðan mynd barnsins aðgangsorð og lykilorð. Endilega skrifið þau niður fyrir börnin ykkar og aðstoðið við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar.

Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið.

Á eftirfarandi slóð má finna afar góðar leiðbeiningar (kennslumyndbönd) fyrir foreldra:

<http://mentor.is/Spurningar/Fyrir-nemendur-og-a%C3%B0standendur/Kennslumyndbond>

## Nýr ritari við Naustaskóla

Nú um mánaðamótin tekur nýr ritari til starfa hjá okkur en Guðrún Huld, sem hefur verið ritarinn okkar frá því að skólinn tók til starfa, lætur nú af störfum. Við þökkum Guðrúnu kærlega fyrir gott samstarf og vel unnin störf og óskum henni velfarnaðar. Nýi ritarinn okkar heitir Kristjana Sigurgeirsdóttir og netfangið hennar er [kristjana@akmennt.is](mailto:kristjana@akmennt.is) Jafnframt eykst nú viðvera ritara í skólanum, fram til þessa hefur ritari haft viðveru til kl. 14:00 en sá tími lengist nú til kl. 16:00.

Við bjóðum Kristjönu velkomna til starfa!



## Bókagjöf frá Foreldrafélaginu

Bókasafnið í Naustaskóla fékk um daginn glæsilega bókagjöf frá Foreldrafélagi skólans. Kemur hún sér mjög vel þar sem nú stendur sannarlega yfir lestrarátak grunnskólanemenda á landinu öllu og gott er að hafa nýjar og ferskar bækur til taks handa nemendum. Settur var saman óskalisti nemenda þar sem nemendur fengu að koma með sínar hugmyndir að áhugaverðum bókum til að hafa á litla en ört stækkandi bókasafninu okkar. Einnig hafa fleiri nýjar bækur verið keyptar af skólanum og verður bókakynning á þeim von bráðar. Bækurnar allar verða svo til útláns eftir kynningu. Við þökkum Foreldrafélaginu innilega vel fyrir. Og hefst þá lesturinn...



## Skólalav

Nú er hafin innritun í grunnskóla fyrir næsta vetur og er umsóknarfrestur til 29. febrúar nk. Vegna skipulagningar skólanna fyrir næsta skólaár er mjög mikilvægt að innritunum ljúki tímanlega og er foreldrum barna sem fyrirhugað er að skipti um skóla í haust bent á að nýta tækifærið og skrá börnin í nýjan skóla. Skólarnir hafa að venju opin hús þar sem foreldrar geta kíkt við og kynnt sér starfið, í Naustaskóla verður það þann 17. febrúar kl. 9-11. Af gefnu tilefni skal tekið fram að ekki þarf að innrita nemendur aftur í sama skóla og þeir ganga í nú þegar, aðeins ef óskað er eftir að þeir skipti um skóla. Innritunarreglur, tímasetningar kynninga/opinna húsa, eyðublöð og rafrænt form fyrir umsóknir um grunnskóla má nálgast á síðu skóladeildar eða beint á slóðinni: <http://www.akureyri.is/skoladeild/moya/page/skoalval-grunnskola>

## Ertu að taka til?


Við gleðjumst alltaf mjög þegar foreldrar koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Það er t.d. alltaf þörf fyrir púsluspil, kubba og hvers kyns leikföng í Frístund og á kennslusvæði neðri hæðarinnar. Við getum oft nýtt ýmis konar tímarit sem allir eru orðnir leiðir á heima fyrir, í textílmenntinni er alltaf eftirspurn eftir hvers kyns efniviði s.s. gardínum, rúmfötum, garni og mörgu fleiru. Svo er náttúrulega enn dálítið pláss á bókasafninu... :)

## Starfið á unglíngastiginu í Naustaskóla

Á unglíngastigi Naustaskóla starfa 95 nemendur og 7 starfsmenn. Nemendafjöldi skiptist þannig að í 8. bekk eru 34 nemendur, í 9. bekk eru 28 nemendur og í 10. bekk eru 33 nemendur. Umsjónarkennarar eru 6 talsins og í hverjum umsjónarhóp er að finna nemendur úr öllum árgöngunum. Þrír dagar vikunnar byrja á því að nemendur hittast í umsjónarhópunum sínum og halda bekkjarfundi þar sem þeir æfa sig í samskiptum og spjalla um daginn framundan eftir atvikum. Á miðvikudagsmorgnum



eru lestrarstundir þar sem umsjónarkennarar nota einnig tækifærið og taka stöðuna á námi sinna nemenda. Á föstudagsmorgnum er svo stundum stutt samvera á sal, eða lestur, allt eftir efnum og ástæðum. Hluti kennslustunda nemenda eru „stýrðar“ kennslustundir, þ.e. nokkuð hefðbundnar kennslustundir sem helgaðar eru ákveðnum námsgreinum undir stjórn fagkennara. Hins vegar er stór hluti kennslustundanna einfaldlega „vinnustundir“ þar sem nemendur hafa frelsi til að velja sjálfir viðfangsefni sín og vinna skv. sínum námsáætlunum. Þannig er að



nokkru marki ýtt undir sjálfstæði nemenda og ábyrgð á eigin námi. Námsáætlanir nálgastráttir á rafrænan hátt og verkefnaskil fara einnig að stórum hluta fram rafrænt. Allir nemendur hafa tölvu til afnota í skólanum, flestir eru með sína eigin spjaldtölvu eða fartölvu, en skólinn lánar þeim nemendum spjaldtölvu til afnota sem ekki eiga slík tæki sjálfir. Þó að ekki hafi farið af því miklum fréttum er því unglíngastigið í Naustaskóla að öllum líkindum í allra fremstu röð á landinu þegar kemur að nýtingu

upplýsinga- og tölvutækni í náminu. Náttúrufræði og samfélagsfræði eru kenndar í þeim þar sem tekin eru fyrir afmörkuð viðfangsefni í stuttan tíma í senn og nám í öðrum greinum einnig fléttuð inn í fjölbreytt verkefni. Eftir hádegið eru nemendur í margvíslegum valgreinum, bæði innan skóla og utan í samstarfi við aðra skóla bæjarins.



Þá nýta sér margir að fá þátttöku í íþróttum eða félagsstarfi metna í stað valgreinar. Í lok dags á

fimmtudögum eru áhugasviðstímar þar sem nemendur hafa stundum alveg frjálslar hendur hvað varðar viðfangsefni en stundum vinna þeir að stýrðum verkefnum af ýmsu tagi. Nemendur gera áætlanir um vinnu sína og skila henni gjarnan af sér með kynningum af einhverju tagi. Unglíngarnir fara vikulega í inniþróttir og sund en þriðju hverja viku fara þeir í langan útivistartíma þar sem farið er í göngutúra, á skauta o.fl. Kennslusvæðið er að sjálf-



sögðu að mestu opið eins og annarsstaðar í skólanum, en það skiptist í vinnusvæði þar sem hver og einn nemandi hefur sína vinnustöð (skrifborð með lokaðri hirslu), hópasvæði þar sem stýrðu kennslustundirnar fara fram og nemendur geta einnig unnið saman ef þeir vilja, og svo lokaðar kennslustofur sem nýttar eru í fyrirlestra og hópavinnu. Það er gaman að koma inn á unglíngastigið og fylgjast með starfinu, þar er yfirleitt afslöppuð stemming og vinnusemi í gangi. Við erum stolt af unglíngunum okkar og starfinu með þeim og trúum því að þeir fari frá okkur vel undirbúnir undir frekara nám og störf.

## Um myndatökur innan veggja skólans

Af gefnu tilefni erum við þessa dagana að skerpa á reglum um myndatökur innan skólans og höfum því hengt upp svohljóðandi klausur við innganga skólans:

**Hvers kyns myndatökur, myndbandsupptökur og hljóðupptökur innan skólans eru háðar leyfi starfsmanns á staðnum hverju sinni (undantekning ef um er að ræða sýningar af einhverju tagi).**

Þessar reglur eiga að sjálfsgöðu bæði við um nemendur og foreldra. Sem fyrr taka starfsmenn stundum myndir úr skólustarfinu til að birta á heimasíðu, facebooksíðum námshópa o.s.frv. en ef einhverjir foreldrar vilja ekki að myndir birtist opinberlega af börnum þeirra biðjum við um að við séum látin vita af því, og munum þá að sjálfsgöðu taka tillit til þess.



## Febrúar 2016

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
31.	1. Svikkinn héri, kartöflur, grænar baunir og piparsósa. Ávextir.  <b>Opin vika</b> <b>Matsmöppur sendar heim í vikunni</b>	2. Spaghettfiskur og salatbar. Ávextir.  <b>Útivistardagur í Hlíðarfjalli</b> <b>Opni hús 8-10b</b>	3. Kjöt og karrý, kartöflur og gúrka. Ávextir.  <b>Smiðjuskil hjá 4.-7.b</b> <b>Hundrað daga hátíð hjá 1. bekk</b>	4. Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat. Ávextir.	5. Kartöflusúpa, brauð og salatbar. Ávextir.  <b>Dagur stærðfræðinnar</b>	6.
7.	8. Fiskibollur, hrísgrjón, salat og heit tómatsósa. Ávextir.  <b>Bolludagur</b> <b>Böll fyrir yngri nem.</b>	9. Saltkjöt og baunir. Ávextir.  <b>Sprengidagur</b> <b>Opni hús 8-10b</b>	10. <b>Óskudagur</b> <b>VETRARFRÍ (Frístund opin)</b> (Pylsur í brauði. Ávextir.)	11. <b>VETRARFRÍ (Frístund opin)</b> (Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og brætt smjör. Ávextir.)	12. <b>VETRARFRÍ (Frístund opin)</b> (Nautagúllas, kartöflustappa og paprika. Ávextir.)	13.
14.	15. Gratineraður plökkfiskur, salatbar og rúgbrauð. Ávextir.	16. Lasagna, hvítlauksbrauð og gúrka. Ávextir.  <b>Opni hús 8-10b</b>	17. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, salatbar og sólskindsressing. Ávextir.  <b>Opni hús v/ skólavals kl. 9-11</b>	18. Pizza og salat. Ávextir.	19. Hrísgrjónagrautur og slátur. Ávextir.  <b>Hæfileikakeppni nemendaráðs</b> <b>Slæmur hárdagur</b>	20.
21.	22. Mexíkóskur hakkréttur, kryddgrjón og gúrka. Ávextir.	23. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, tómatsósa og salatbar. Ávextir.  <b>Opni hús 8-10b</b>	24. Lambasnitset, kartöflubátar, paprika og piparostasósa. Ávextir.	25. Fiskur Björkeby, bygg, salat og köld súrmjólkursósa. Ávextir.	26. Blómkálssúpa, brauð og salatbar. Ávextir.  <b>Hvítur dagur</b>	27.
28.	29. Saltfiskur, kartöflur, grænmeti og lauk-smjör. Ávextir.  <b>7.b. fer í skólalúðir</b>	1. mars Hakkabuff, kartöflur, gúrka og kryddjurta-sósa. Ávextir.  <b>Opni hús 8-10b</b>	2. Ofnbakaður fiskur í mangósósu, hrísgrjón og salatbar. Ávextir.	3. Steiktur kjúklingur, rósmarínkartöflur, salat og sveppasósa. Ávextir.	4. Skyr, brauð, álegg og salatbar.	5.

**Við minnum á opnu vikuna 1.-5. febrúar - foreldrar hvattir til að kíkja við í skólanum!**

**Einnig minnum við á vetrarfrí nemenda sem verður dagana 10.-12. febrúar.  
(Frístund er opin í vetrarfríinu fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir)**